

Nefndasvið Efnahags- og skattanefndar Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/313
komudagur 27.11.2009



Reykjavík, 24. nóvember
2009
EBI/--

Efni. Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.90/2003, um tekjuskatt, 81. mál, og frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 82. mál þskj. 83
Tilv. 2009110003

Bændasamtök Íslands hafa unnið að því markvisst undanfarin ár að styðja nýsköpun í dreifbýli, af eðlilegum ástæðum fyrst og fremst í tengslum við landbúnað. Hjá samtökunum hefur um tuttugu ára skeið starfað sérstakur sérstakur atvinnu- og nýsköpunarráðgjafi í fullu starfi. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur markvisst beint styrkveitingum sínum til nýsköpunar.

Það eru BÍ vonbrigði að sú nýsköpunarstarfsemi sem Bændasamtökin hafa verið að þjónusta virðist að miklu leyti falla utan ramma laganna. Litlu aðilarnir sem eru að brydda upp á nýjungum til þess að skapa fólki í dreifbýli einhverja atvinnu utan hinna hefðbundnu búgreina, fá skv. frumvarpinu ekki skattaafslátt. Það eru ekki mörg fyrirtæki í dreifbýli sem hafa 20 milljónir milli handanna til þróunarvinnu á hverju 12 mánaða tímabili.

Sem dæmi um nýsköpun í landbúnaði sem er útilokuð frá skattaafslætti miðað við þessa tilhögun, er t.d:

- Þróun tengd uppbyggingu markaðs fyrir innlent bygg.
- Þróun nýrra framleiðsluvara í heimavinnslu, (t.d. á ís með villtum íslenskum bláberjum).
- Nýsköpun tengd nýtingu á kjötafurðum sem áður hafa verið lítils virði eða þróun osta og mjólkurvara sem áður hafa verið lítið hér í framleiðslu, s.s. geita- og sauðaosta.
- Þróun sölulegra afurða úr hlunnindanytjum á bújörðum s.s. nýrra framleiðsluvara sem innihalda æðardún..
- Nýjar skógarnytjar s.s. spónaverksmiðjur.

Þessi dæmi eru tekin af handahófi en eiga það sameiginlegt að fela í sér aukna verðmætasköpun að undangenginni mikilli forvinnu og eru mikilvæg nýsköpun í þeim fyrirtækjum sem um ræðir og styrkja atvinnu og búsetu, þó ekki sé um að ræða mörg störf í hverju tilfalli.

Þessi lög virðast sett m.a. að norskri fyrirmynd. Samkvæmt norskum reglum virðast öll skattskyld fyrirtæki með rekstur geta sótt um skattafrádrátt og þar er ekki gerð krafa um lágmarksfjárhæð sem varið er árlega til nýsköpunarverkefna eins og gert er í 2. tl. 5. gr., hins vegar eru tilgreindar hámarksfjárhæðir (Sjá t.d. Sjá nánari upplýsingar á eftirfarandi vefslóð: <http://www.forskningsradet.no/servlet/Satellite?c=Page&cid=1222340152185&pagename=skattefunn%2FHovedsidemal>). Í samanburði við norskum reglum er nýsköpun lítt skilgreind í frumvarpinu, en hins vegar er í 3. tölulið 5. gr. gert skilyrði um að „..starfsmenn hafi þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum...“ sem virðist útiloka mörg nýsköpunarfyrirtæki.

Bændasamtök Íslands leggja til:

- 1. Að allir skattskyldir aðilar með rekstur geti sótt um skattaafslátt vegna nýsköpunar.**
- 2. Að nýsköpun sé skilgreind og ekki bundin við vinnu ákveðinna starfsstétta (rannsóknarmenn).**
- 3. Að lágmarksfjárhæð þróunarkostnaðar sé tekin út.**
- 4. Að leitað skuli umsagnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að því er nýsköpun í landbúnaði varðar.**

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal